



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Drög að ákvörðun

Heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum

Skjal númer	2020070003
Dagsetning	10. ágúst 2020

Hér með er óskað viðbragða allra hlutaðeigandi aðila við þeim frumdrögum sem hér liggja fyrir. Allar athugasemdir skulu gerðar með greinanlegum hætti þar sem vísað er í númer skjalsins og þá liði sem um ræðir. Senda skal athugasemdir með pósti eða með tölvupósti á neðangreinda aðila eigi síðar en **31. ágúst 2020**.

Póst og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Sími 510-1500

Hulda Ástþórsdóttir, netfang: hulda@pfs.is



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Forsendur ákvörðunar	4
2.1	Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum.....	4
2.2	Ákvörðun PFS nr. 20/2015	5
2.3	Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 2 (markaður 7/2008) út frá verðsamanburði	7
3	Útreikningur á lúkningarverði.....	8
4	Niðurstaða PFS	11

1 Inngangur

- (1) Ákvörðunardrög þessi byggja á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)¹ frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu tilheyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum markaði 2.
- (2) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2015, skal árlega ákvarða gjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum með verðsamanburði. PFS hefur nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða þessi verð fyrir árið 2021. PFS fylgdi sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og viðhöfð var í síðasta verðsamanburði á þessum markaði. PFS notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða heildsöluverð hér á landi fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum frá 1. janúar til 31. desember 2021.
- (3) Fyrirhuguð ákvörðun PFS um heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum er nú birt til samráðs hér á landi svo hagsmunaaðilar geti tjáð sig um fyrirhugaða niðurstöðu PFS.
- (4) PFS mun síðan að loknu innanlandssamráðinu senda ákvörðunardrögin til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB.
- (5) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS. Texti ákvörðunardraganna lýsir fyrirhugaðri afstöðu PFS sem getur tekið breytingum þar til endanleg ákvörðun er tekin, m.a. vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum. Lesa ber orðalag draganna í því samhengi.

¹ EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

2 Forsendur ákvörðunar

(6) PFS byggir ákvörðun sína á fjarskiptalögum, fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011².

(7) Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

(8) Í 12. tl. tilmæla framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum er heimild fyrir eftirlitsstofnanir eins og PFS að beita verðsamanburði til að ákvarða lúkningarverð, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

(9) Í ákvörðun PFS nr. 20/2015 er kveðið á um að PFS skuli árlega taka ákvörðun um hámarks lúkningarverð íslenskra fjarskiptafyrirtækja, í kjölfar verðsamanburðar við EES-ríki samkvæmt nánar tiltekinni aðferðarfræði, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert sem gilda skulu frá og með 1. janúar árið eftir.

(10) Nánar er fjallað um þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun þessari í eftirfarandi undirköflum.

2.1 Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum

(11) Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009³. Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla ættu að samræmingu. ESA gaf út sambærileg tilmæli þann 13. apríl 2011.

(12) Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúkningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í farsímanetum og föstum netum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni⁴. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir, s.s. næstu kynslóðar net (NGN). Um er að ræða hreint (e. pure) gangverðs bottom-up⁵ LRIC kostnaðarlíkan, svokallað hreint BU-LRIC.

(13) Viðeigandi viðbótarpjónusta (e. increment) í hreinu BU-LRIC líkani er lúkning símtala í heildsölu. Viðeigandi viðbótarkostnaður eða umflýjanlegur kostnaður (e. avoidable costs)

² EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.

³ COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

⁴ Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

⁵ Talað er um „bottom-up“ líkan þegar um er að ræða útreikninga á kostnaði út frá verkfræðilegu líkani af fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Líkanið byggir á ímynduðu (e. hypothetical) netkerfi sem er hagkvæmt hannað og nýtir hagkvæmustu tæknilausnir sem í boði eru hverju sinni.

vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningu símtala er mismunur milli heildarkostnaðar netrekanda sem veitir fulla heildsöluþjónustu og heildarkostnaðar sama netrekanda án lúkningar heildsöluþjónustu til þriðja aðila. Með öðrum orðum, eingöngu er reiknaður sá kostnaður vegna lúkningar sem fellur niður ef viðkomandi þjónustu er hætt.

(14) Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaeftirlitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða hreint BU-LRIC+ kostnaðarlíkan.

(15) Fjarskiptaeftirlitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) var skv. 12. gr. tilmælanna veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014. Þá er tilgreint í þessari grein að ef það bryti gegn meðalhófsreglu að þvinga fjarskiptaeftirlitsstofnun með takmörkuð aðföng til að beita þeirri aðferð sem mælt er með í tilmælunum eftir 1. júlí 2014 geta slíkar stofnanir haldið áfram að beita annarri aðferðafræði þar til tilmælin verði endurskoðuð, nema BEREC⁶ aðstoðaði hana faglega og/eða fjárhagslega við að beita tilgreindri aðferð.

(16) PFS telst til þeirra fjarskiptaeftirlitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng. Slíkum stofnunum er heimilt að beita t.d. verðsamanburði í stað slíkrar kostnaðargreiningaraðferðar ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Útkoma úr annarri aðferð en hreinu BU-LRIC á ekki að vera hærri en meðalverð þeirra EES-ríkja sem beita hreinni BU-LRIC aðferð við útreikning lúkningargjalda í farsímanetum.

(17) Í samræmi við ofangreint hefur PFS ákvarðað lúkningarverð undanfarin ár með verðsamanburði og eingöngu tekið mið af samanburðarríkjum þar sem lúkningarverðið hefur verið ákvarðað með hreinni BU-LRIC aðferðafræði.

(18) Í kjölfar endurskoðunar á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar var ákveðið að lúkningarverð í Evrópusambandinu yrðu ákvörðuð miðlægt. Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) dags. 11. desember 2018. Tilskipunin felur í sér heildarendurskoðun á fjarskiptaregluverkinu og kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu símtala í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð (e. delegated act). Í frumvarpi til laga um fjarskipti sem lagt var fram á 150. löggjafarþingi er gert ráð fyrir að ráðherra seti reglugerð um hámarksverð fyrir lúkningu símtala. Þar til annað hefur verið ákveðið með lögum eða reglugerð hér á landi mun PFS fylgja ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2015 við ákvörðun lúkningarverða.

2.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2015

(19) Hvað varðar framkvæmd verðsamanburðarins sem fjallað er um hér vísar PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Ákvörðun nr. 20/2015 byggir á markaðsgreiningu sem stofnunin framkvæmdi. Heildsölumarkaður fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum er númer 2 samkvæmt

⁶ Body of European Regulators for Electronic Communications.

tilmælum ESA⁷ um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptabjónustu en var áður númer 7 samkvæmt eldri skilgreiningu ESA frá 2008.

(20) Í ákvörðuninni voru Síminn hf. (Síminn), Fjarskipti hf., nú Sýn hf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), IMC Ísland ehf. (IMC/Alterná) og 365 miðlar ehf.⁸ (365), útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Símans
- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Vodafone
- Lúkning símtala í UMTS/LTE farsímaneti Nova
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti IMC/Alterná⁹
- Lúkning símtala í sýndarfarsímaneti 365¹⁰

(21) Á öll fyrirtækin voru lagðar kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Kvöðin um eftirlit með gjaldskrá byggir á 32. gr. fjarskiptalaga.

(22) Í ofangreindri ákvörðun kom fram að í ákvörðun PFS nr. 3/2012¹¹ hafi verið horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði fyrirtækisins) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011.

(23) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2015 skulu lúkningarverð hér á landi áfram ákvarðast með verðsamanburði. Það var mat PFS að stofnunin væri að óbreyttu ekki í stakk búin til að beita BU-LRIC kostnaðargreiningaraðferð á viðkomandi markaði á næstu árum sökum skorts á fjárheimildum, starfsfólki og sérþekkingu. Jafnframt var ljóst að miðað við óbreytt fjarskiptalög þá standi PFS ekki til boða að nýta sér aðstoð frá BEREC við gerð BU-LRIC kostnaðarlíkans. Í því ljósi taldi PFS að eðlilegast væri að miða við verðsamanburð þar sem samanburður er gerður við ríki sem beita hreinni BU-LRIC aðferð samkvæmt fyrrgreindum tilmælunum ESA.

(24) Að mati PFS hefur skapast fyrirsjáanlegt verklag við ákvörðun lúkningarverða með þeirri aðferðarfræði sem skapar fjarskiptafyrirtækjum stöðugra og fyrirsjáanlegra rekstrarumhverfi. Verðsamanburðurinn hefur sömuleiðis reynst hagkvæm og skilvirk leið til að ná fram þeim markmiðum um lúkningarverð sem sett eru fram í framangreindum tilmælum ESA.

⁷ EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

⁸ Fjarskipti hf. keypti eignir og rekstur 365 miðla hf. að undanskildum eignum sem varða útgáfu Fréttablaðsins og nafni Fjarskipta hf. var síðan breytt í Sýn hf.

⁹ Alterná Tel ehf. hætti starfsemi 2015 og tók Hringiðan ehf. yfir rekstri félagsins.

¹⁰ Vodafone hefur tekið við farsímarekstri 365 í kjölfar kaupa á rekstri 365 miðla hf.

¹¹ Ákvörðun nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).

(25) PFS skal árlega ljúka verðsamanburði með ákvörðun, í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

(26) PFS skal leggja eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum þegar verðsamanburði er beitt:

- Miða skal við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani.
- Samanburður á verðum skal miðast við niðurstöðu um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani sem liggja fyrir í apríl á því ári sem verðsamanburður fer fram hverju sinni. Við gerð verðsamanburðarins skal miða við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miða skal við að ákvarðað verð sé ekki hærra en einfalt meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði.

(27) Ofangreind framkvæmd er í samræmi við þá framkvæmd sem PFS hefur viðhaft undanfarin ár við ákvörðun lúkningarverða með verðsamanburði á þessum markaði.

(28) PFS skal því framkvæma verðsamanburð á árinu 2020, sem ljúka skal með ákvörðun eigi síðar en 1. nóvember nk., sem gilda skal sem hámarks lúkningarverð á árinu 2021. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts og geta einstök farsímafyrirtæki því boðið lægri lúkningarverð kjósi þau svo, að því gefnu að kvöð um jafnræði sé uppfyllt.

2.3 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 2 (markaður 7/2008) út frá verðsamanburði

(29) Í ákvörðun PFS nr. 3/2012, frá 13. janúar 2012, var horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011. Þessari breytingu á aðferðarfræði við ákvörðun lúkningarverðs var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

(30) Í kjölfarið framkvæmdi PFS verðsamanburð á árunum 2012 til 2019 til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum hér á landi. Niðurstöður verðsamanburðanna voru birtar í ákvörðunum PFS, nú síðast í ákvörðun PFS nr. 23/2019, dags. 24. október 2019, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.

(31) Við framkvæmd þessara verðsamanburða hefur PFS tekið tillit til framangreindra tilmæla ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum. PFS valdi samanburðarlöndin í samræmi við 12. gr. umræddra tilmæla ESA.

(32) Í ákvörðun PFS nr. 23/2019, dags. 24. október 2019, var það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skyldi vera 1,02 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.

(33) Í ákvörðun þessari sem hér er til umfjöllunar er fjallað um verð sem gilda skulu á árinu 2021.

3 Útreikningur á lúkningarverði

(34) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, hefur PFS nú tekið saman lúkningarverð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum EES-ríkja til að nota í verðsamanburð. Við gagnaöflum styðst PFS við upplýsingar úr CIRCABC gagnasafni Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ECom gagnasafni ESA, skýrslum frá Cullen International og verðsamanburði BEREC¹² sem og upplýsingar sem birtar eru á heimasíðu viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnana.

(35) PFS fylgir sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og gert var í síðasta verðsamanburði. Ákvörðun PFS nr. 19/2018, dags. 25. október 2018, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

(36) Við val á samanburðarlöndum miðar PFS við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 31 ríki að Íslandi meðtöldu.

(37) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 voru eftirfarandi meginforsendur lagðar til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum:

- Miðað var við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni BU-LRIC aðferð.
- Miðað var við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum byggðum á hreinu BU-LRIC líkani sem lágu fyrir í lok apríl 2020. Við gerð verðsamanburðarins var miðað við að fyrir lægi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun á þessum tíma.
- Við ákvörðun lúkningarverðs hér á landi var reiknað hreint meðaltal lúkningarverða sem uppfylla ofangreind skilyrði.

(38) Niðurstaðan er mínútuverð fyrir lúkningu símtals án tengigjalds eða sundurgreiningar í dag-, nætur- eða helgartahta.

(39) Við útreikninga á lúkningarverðum er miðað við meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils í íslenskum krónum á öðrum ársfjórðungi 2020¹³. PFS styðst í þessu efni m.a. við framkvæmd BEREC um gengisviðmið í reglubundnum samanburðum á lúkningarverðum¹⁴.

(40) Verðsamanburður PFS miðast við þær upplýsingar sem lágu fyrir í lok apríl 2020.

(41) Í því ljósi að verið er að ákvarða verð sem gilda munu á árinu 2021 skoðaði PFS hvort fyrir lægi verð fyrir lúkningu símtala sem gilda munu á því ári. Þetta er í samræmi við framkvæmd PFS síðustu tvö ár. Að mati PFS ber þó eingöngu að miða við endanleg verð og

¹² „Termination rates at European level“ January 2020, BoR (20) 97.

¹³ Miðgengi Seðlabanka Íslands, sjá viðauka I.

¹⁴ Sbr. BEREC BoR (11) 35 MTR Benchmark snapshot (as of July 2011).



ekki taka inn í verðsamanburðinn þau verð sem eftir er að uppfæra miðað við verðbólgu eða aðra þætti.

(42) PFS miðar því við niðurstöðu um verð fyrir lúkningu símtala sem gilda eiga á árinu 2021 þegar það liggur fyrir, en að öðru leyti er miðað við verð sem taka gildi á árinu 2020 eða voru í gildi í apríl 2020.¹⁵

(43) Á þeim tíma sem verðsamanburður PFS fór fram hafði viðkomandi eftirlitsstofnun í 24 EES ríkjum tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani. PFS notar því lúkningarverðin sem þessar stofnanir hafa ákvarðað sem grundvöll fyrir ákvörðun á lúkningarverði hér á landi í samræmi við það sem PFS kvað á um í framangreindri ákvörðun PFS nr. 20/2015.

(44) Í töflu 3.1 eru þessi 24 ríki tilgreind ásamt samsvarandi lúkningarverðum í íslenskum krónum samkvæmt hreinu BU-LRIC líkani.

¹⁵ Ef sama lúkningarverð er ekki í gildi allt árið 2021 er tekið meðaltal lúkningarverða í gildi það ár, vegið með fjölda mánaða.

Tafla 3.1 Yfirlit yfir þau lönd sem notuð eru í verðsamanburðinum

<i>Samanburðarlönd</i>	<i>Lúkning 2020</i>	<i>Lúkning 2021</i>	<i>Samanburðarverð</i>
	<i>kr./mínútu</i>	<i>kr./mínútu</i>	<i>kr./mínútu</i>
AT Austurríki	1,25		1,25
BE Belgía	1,54		1,54
UK Bretland	0,82		0,82
BG Búlgaría	1,11		1,11
DK Danmörk	0,80		0,80
FR Frakkland	1,15		1,15
GR Grikkland	0,97		0,97
NL Holland	0,90		0,90
IE Írland	0,85	0,48	0,48
IT Ítalía	1,18	1,04	1,04
HR Króatía	0,92		0,92
CY Kýpur	0,75		0,75
LU Lúxemborg	1,38		1,38
MT Malta	0,63		0,63
NO Noregur	0,45		0,45
PT Portúgal	0,56		0,56
PL Pólland	1,48		1,48
SK Slóvakía	1,27		1,27
SI Slóvenía	1,77		1,77
ES Spánn	0,99		0,99
SE Svíþjóð	0,32	0,25	0,28
CZ Tékkland	1,42		1,42
HU Ungverjaland	0,76		0,76
DE Þýskaland	1,21	1,09	1,20
Meðaltal	1,02		1,00

(45) Í töflunni hér að ofan eru samanburðarverðin sem PFS miðar við tilgreind í síðasta dálkinum, tekið hefur verið tillit til verða sem gilda munu á árinu 2021, þar sem það liggur fyrir. Við ákvörðun á verði fyrir lúkningu símtala í farsímanetum á Íslandi notar PFS hreint meðaltal ofangreindra lúkningarverða. Meðaltalið er 1,00 kr./mín, sem svarar til 0,64 €sent.

4 Niðurstaða PFS

(46) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 eru lúkningarverð símtala í einstökum farsímanetum ákvörðuð út frá niðurstöðu verðsamanburðarins sem stofnunin hefur framkvæmt og lýst er hér að framan.

(47) Með verðsamanburðinum fæst meðalmínútuverð þeirra ríkja sem samanburðurinn nær til. PFS notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða mínútuverð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum án tengigjalds.

(48) Í samræmi við niðurstöðuna úr framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skuli vera **1,00 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 eiga gjöldin að vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Núverandi lúkningarverð, 1,02 kr./mín., munu gilda áfram óbreytt út árið 2020.

(49) Í eftirfarandi töflu má sjá ný lúkningarverð í farsímanetum fjarskiptafyrirtækja í samanburði við núgildandi verð:

Tafla 4.1 Lúkningarverð í farsímanetum fjarskiptafyrirtækja

Fyrirtæki	Eining	Verð	Verð
		til 31. des 2020	1. jan. - 31. des. 2021
Síminn	kr./mín.	1,02	1,00
Vodafone/365	kr./mín.	1,02	1,00
Nova	kr./mín.	1,02	1,00
IMC	kr./mín.	1,02	1,00

Heimild: Póst og fjarskiptastofnun

(50) Um 2% lækkun á lúkningargjöldum er að ræða milli ára. Þess má geta í þessu sambandi að meðalverðið í samanburðarlöndunum lækkar töluvert meira en gengisbreytingar vega upp á móti frekari lækkun í íslenskum krónum.

(51) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2015 skal stofnunin endurskoða lúkningarverð árlega til samræmis við niðurstöðu verðsamanburðar PFS, sem lokið skal með ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert.

(52) Fyrirhugaðar eru breytingar á því hvernig hámarksverð fyrir lúkningu símtala á Evrópska efnahagssvæðinu eru ákvörðuð. Evrópusambandið gaf út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) þann 11. desember 2018. Tilskipunin kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu í fastaneti í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð (e. delegated act). Í frumvarpi til laga um fjarskipti sem lagt var fram á 150. löggjafarþingi er gert ráð fyrir að ráðherra seti reglugerð um hámarksverð fyrir lúkningu símtala. Þar til annað hefur verið ákveðið með lögum eða reglugerð hér á landi mun PFS fylgja ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2015 við ákvörðun lúkningarverða.